

RAFORKUMALASTJÖRI

Jarðhitadeild

SKYRSLA

um

JARÐHITAATHUGANIR I BJARNARFIRÐI SYÐRA

eftir

JON JONSSON

September 1959.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Jarðhitadeild

SKÝRSLA

UM

JARÐHITAATHUGANIR Í BJARNARFIRÐI SYÐRA

eftir

JÓN JÓNSSON

September 1959.

JARFRÆÐILEGAR ATHUGANIR.

Fjöllin báðum megin Bjarnarfjarðar, að norðan Bala-
fjöll og Hólsfjall, en að sunnan Bjarnarfjarðarháls, eru úr
blágrýti. Blágrýtislögunum hallar suðaustur báðum megin dals-
ins. Hallinn er þó nokkuð mismunandi mikill.

Í báðum hlífum dalsins eru allmargar mjög áberandi
reglulegar línur, sem liggja sumar beint aðrar á ská upp eft-
ir hlífunum. Þetta eru tiltölulega þröngar skorur, sem nú
eru að mestu fylltar jarðvegi eða lausum jarðlögum. Þetta
er mjög líkt því að um brotlínur væri að ræða.

Rétt norðan við Klúku liggur ein slík lína á ská upp
eftir hlífinni með stefnu um það bil NA-SV og kemur niður á
sléttu skammt vestan við beinn. Á þessari línu eða við hana
koma víða volgar lindir, og volgt vatn kemur jafnvel úr sprung-
um í klúpp við hana skammt vestur af beinum. Volgir lækir
koma upp í þessari línu á nokkrum stöðum í hlífinni fyrir of-
an beinn. Athuganir leiddu í ljós að eftir þessari skoru
liggur basaltgangur, sem er mjög ummyndaður og veðraður.
Segulmælingar staðfestu að svo er.

Skálínan upp eftir fjallinu er m.ö.o. mynduð af því
að gangurinn hefur veðrast á undan blágrýtislögunum í kring.
Gangur þessi virðist vera mjög misþykkur og nokkuð óregluleg-
ur. Aðeins á einum stað í hlífinni er hægt að fá nokkra hug-
mynd um hversu þykkur gangurinn er, og virðist hann þar vera

6 - 8 m þykkur. Sjálfur gangurinn sést ekki úr því niður undir láglandið kemur, en um 30 cm þykk að sést á einum stað við klöpp rétt vestan við hann, skammt fyrir ofan og vestan aðal beinn á Klúku.

Uppi á fjallsbrún er á karla hægt að mæla halla gangsins og reyndist hann vera 67° NV (mæltal af 3 mælingum).

Þetta þarf að hafa í huga verði þarna borað eftir heitu vatni, og staðsetja þá holuna í hæfilegri fjarlægð vestan við ganginn.

Í þessu sambandi má geta þess, að volgt vatn kemur á einum stað upp úr klöpp vestan við ganginn.

Bergit við ganginn er sums staðar nokkuð ummyndað og sprungið, en misgengis verður þar ekki vart. Volgt vatn kemur upp meðfram þessum gangi víðs vegar, neðan af jafnsléttu og hátt upp í hlíf. Vatnsmagnit er samanlagt líklega allt að 10 l/sek. Það blandast þó nokkuð köldu vatni. Bestur hiti þarna mældist $43,5^{\circ}\text{C}$.

Miklar líkur virðast vera fyrir að borun á þessum stað mundi gefa árangur.

Nokkuð austan við þennan gang eru tveir aðrir gangar rétt saman. Þetta er í skoru, sem liggur upp eftir fjallinu og hefur svipaða stefnu og gangurinn hjá Klúku. Líklega liggur aðal-gangurinn í þessari skoru, en af honum sést aðeins austurbrúnnin efst á fjallinu. Gangur þessi stefnir nærri beint

á þeim á Bakka. Um 15 - 20 m austar er þunnur gangur, sem liggur nærri samhliða honum og sést frá því nærlega í hlíf-inni og upp á fjallsbrún. Honum má svo fylgja langleiðina norður yfir hálsinn sunnan við Hallardalsá. Hann er aðeins 0,8 - 1,0 m þykkur, mjög ummyndaður og úr sama bergi og gangurinn vestan við hann.

Ekki virðist ólíklegt að hinar reglulegu línur, sem liggja upp eftir hlífum dalsins báðum megin, og sem eru svo áberandi hér, séu í raun réttir gangar.

Það má telja vafalaust að jarðhitinn á Klúku standi í sambandi við gang.

—————